



**Vertu**

# **bakhjarl**

**Stúdentafélag  
Háskólans á  
Akureyri**

2026-2027

# Tölfræði

## Instagram

Fylgjendur	1.874
Heildaráhorf	226.722
Story	47,6% (107.919)
Post	43,6% (98.850)
Reels	8,8% (19.951)
Náð til	11,090 prófíla
Prófíl heimsóknir	1923
Ýtt á link í bio	156
Nýir followers í mánuði	u.þ.b. 23

MÍÐAST VIÐ 90 DAGA, FRÁ 23. FEB.2026 - 23. MAÍ 2026

## TikTok

Meðaláhorf	9.855
Fylgjendur	248

MÍÐAST VIÐ ÁR, 24. MAÍ 2025 - 24. MAÍ 2026

## Facebook

Heildaráhorf	32000
Fylgjendur	3,201

MÍÐAST VIÐ 90 DAGA, FRÁ 3. MARS.2026 - 1. JÚNÍ 2026

## Annað

Myndasafn SHA	596400 áhorf
---------------	--------------

# Félagslífið

Félagslífið í HA er einstakt!! SHA – Stúdentafélag Háskólans á Akureyri er félag allra stúdenta við Háskólann á Akureyri. Hlutverk okkar er að gæta hagsmuna stúdenta, stuðla að öfluggu og fjölbreyttu félagslífi og vinna að því að skapa jákvætt, aðgengilegt og lifandi háskólasamfélag.

Við skipuleggjum fjölbreytta viðburði allt árið um kring, allt frá nýnemadögum, skemmtunum og íþróttaviðburðum til fræðsluviðburða, vísindaferða og árshátíðar. Jafnframt eigum við fulltrúa í nefndum og ráðum háskólans þar sem við komum sjónarmiðum stúdenta á framfæri og vinnum að bættri þjónustu, námsumhverfi og velferð stúdenta.

SHA er vettvangur fyrir alla stúdenta, óháð námsleið, búsetu eða bakgrunni. Við trúum því að sterkt stúdentasamfélag verði til með virkri þátttöku, góðu samstarfi og sameiginlegum metnaði til að gera góða háskólaeynsku enn betri.


# Í HA



Stúdentar við Háskólann á Akureyri eru ekki bara á Akureyri, heldur út um allt land!

Stúdentar eftir landshlutum

Haust 2024



# Félagslífið

# Í HA



## NÝNEMADAGAR 25.-27. ágúst

Hér koma allir nýstúdentar saman, kynnast skólanum, SHA og aðildarfélagunum. Farið er í stóran rattleik og svo endar þetta allt á "back to school" partyi SHA.



## SPRELLMÓT 18. september

Á Sprellmótinu koma öll aðildarfélögin saman og keppa um hinn víðsfræga Sprellmótsbikar. Stúdentar tala gjaman um Sprellmótið sem eftirminnilegasta viðburð SHA.



## ÁRSHÁTIÐ 20. febrúar

Árshátíð SHA er stærsti viðburður félagsins og hafa miðar selst upp á hverju ári undanfarin ár. Árshátíðin er ákveðin uppskeruhátíð stúdenta þar sem þeir fagna saman skólaárinu sem er að líða.



## STÓRA VÍSÓ 28.-31. janúar

Í lok janúar ár hvert fer SHA í stóra vísindaferð á höfuðborgarsvæðið. SHA og aðildarfélögin skipuleggja dagskrá vísindaferða fyrir félagsfólk, bæði sérsniðnar fyrir ákveðnar námsleiðir og stærri sameiginlegar ferðir.



## AÐILDARFÉLÖG

Aðildarfélög SHA eru deildarfélög Háskólans á Akureyri. Starfsemi þeirra og hlutverk hafa þróast í gegnum árin og tekið breytingum samhliða starfsemi og hlutverki SHA. Aðildarfélögin eru 7.



## AÐRIR VIÐBURÐIR

SHA heldur einnig fjölmarga aðra viðburði, öll geta fundið eitthvað við hæfi!. Hér má t.d. nefna bíókvöld, beerpong mót, spilakvöld, pallborð, bingó og lengi mætti telja.